

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 31.03.2022	Kl. 14:00	Staður: Hótel Nordica
Fundaboðari: KEA	Fundarritari: EHJS	Teams

Dagskrá

Undirbúningur fyrir aðalfund – hópavinna

1. Lagabreytingar
2. Fjármál félagsins
3. Fræðslusjóðir og styrktarsjóður og áform um breytingar
4. Orlofsmál
5. Ályktanir

Þórarinn setti fundinn og bauð trúnaðarmenn velkomna á þennan undirbúningsfund fyrir aðalfundinn sem verður haldinn í dag kl. 16:30.

Þórarinn fór aðeins yfir praktísk atriði. Hann fjallaði svo um þau verkefni sem hafa verið á borðum Sameykis undanfarið, þar með talið stofnun ársins, þing BSRB, jöfnun milli markaða o.fl. Því næst fór hann yfir verkefni fundarins skv. dagskrá.

Trúnaðamannaráðsfundurinn í dag verður helgaður undirbúningi fyrir aðalfund Sameyki og verður unnið í málefnaþópum. Þórarinn skipti fólki í málefnaþópa

Eftir klukkutíma vinnu í hópunum komu hóparnir aftur í sal og kynntu niðurstöður hópavinnunnar.

1. Lagabreytingar:

Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis fór yfir vinnu hóps 1.

Í yfirferð á tillögum frá laganefnd er tilraun gerð til að hætta að kyngera félagsmenn. Laganefndin reyndi að taka þetta út á sínum tíma en niðurstaðan er klúður. Fram kemur tillaga um að tillögurnar verði lagðar fyrir málfarshóp eða málfarsráðgjafa eftir aðalfundinn til málfarslegrar umfjöllunar, ekki efnislegrar umfjöllunar.

Efnislega var tekið vel í þessi drög. Ríkur vilji til að ná utan um ofbeldi af hverjum toga sem starfsmenn hafa orðið fyrir. Viðbót við grein í tillögnum.

35. grein um niðurfellingu félagsins: Verði Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu lagt niður má ekki afhenda BSRB skjöl eða gerðarbækur til eignar, það verður að fara til Þjóðskjalasafns Íslands. Fjármagn og eignir ættu hins vegar að renna til BSRB.

2. Fjármál félagsins:

Kári Sigurðsson fór yfir niðurstöður hóps 2.

Þau fóru yfir ársreikninga félagsins. Í ársreikningunum er fjallað um 8 sjóði, sem verður fækkað niður í 7 eftir aðalfund þar sem einn sjóður var lagður niður um ármót. Reksturs allra sjóðanna gengur vel, nema starfsmenntunarsjóðs sem er í mínus 2,8 milljónir.

Nokkur umræða varð um hagræðingu í rekstri félagsins og bent á að í okkar rafræna heimi þyrfti að gefa félagsmönnum kost á að afþakka upplýsingar á pappír, það gæti mögulega sparað eitthvað

3. Fræðslusjóðir og styrktarsjóður og áform um breytingar:

Þórunn Ansnes sagði frá starfi hóps 3.

Þau ræddu um fræðslustyrkina og að þegar fólk veikist og lendir á sjúkradagpeningum dettur það út af listanum um fræðslustyrki. Vantar fræðslu um réttindi félagsmanna varðandi Starfsþróunar- og starfsmenntunarstyrkina. Vísindastyrkir fyrir þá sem vinna hjá Reykjavíkurborg. Mögulegt að styrkur þar verði lækkaður.

Sjúkrasjóðir: í Covidinu hafa styrkveitingar til sálfræðiþjónustu aukist. Styrkir sem stuðla að heilsueflingu eru of lágir. Þyrfti að auka við heilsueflingarstyrki t.d. á heilsuhæli til forvarna fyrir veikindum.

4. Orlofssjóður:

Hendricus E Bjarnason sagði frá starfi hóps 4

Mikil umræða í hópnum um málefni orlofssjóðs. Covid breytti öllu varðandi leigu á bústöðunum, núna nærri 100% nýting.

Það kom fram að mjög erfitt væri að fá bústaði leigða um helgar, nánast varla hægt. Tillaga um að takmarka frátektarrétt til sama einstaklings þannig að einn einstaklingur geti ekki blokkað margar helgar. Þegar búið er að leigja helgarnar er ekki hægt að leigja vikuna. Spurning um að vikuleigan hefði forgang.

Ekki má sleppa golfinu í Munaðarnesi. Var í St.Rv. og ætti að halda því áfram í Sameyki.

Verið að endurnýja alla bústaðina og viðhald gott. Góð umgengni almennt um bústaðina og eiga félagsmenn þakkir skildar fyrir það. Stendur til að laga bústaðina á Eiðum. Er að koma heitt vatn á Eiðum. Ábending um að fá fleiri bústaði á Akureyri og fyrir austan hjá Höfn.

Erfitt fyrir fólk úti á landi að fá bústaði fyrir sunnan.

Hvað þarftu að eiga marga punkta til að eiga möguleika á að fá bústaði? Þeir sem eldri eru eiga fleiri punkta og erfitt fyrir yngri að fá bústaði því þeir eru með verri punktastöðu.

Tillaga um að fjölga hundabústöðum.

5. Ályktanir:

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir varaformaður Sameykis

Fóru yfir þær ályktanir sem ályktananevnd var búin að leggja til. Engar efnisbreytingar, aðallega tillögur um breytingar á orðalagi og málfari.

Axel Jón Ellenarson skráði niður orðalags- og málfarsbreytingar.

Þórarinn þakkaði fyrir vinnu í hópnum. Gott að heyra þær ábendingar sem komu fram. Hrygglangjan í starfi félagsins eru fundir trúnaðarmannaráðs og fulltrúaráðsfundi.

Þórarinn sagði fundi slitið kl. 15:56

Aðalfundur hefst kl. 16:30